

- XLII. Að endurgreiða Eiríki Bjarnasyni veitingamanni í Hveragerði aðflutningsgjöld af sýningarvélasamstæðu.
- XLIII. Að selja prestssetrið Frumskóga 7 í Hveragerðishreppi.
- XLIV. Að selja gamalt póst- og símahús að Austurvegi 1 á Selfossi ásamt tilheyrandi lóð, ef viðunandi boð fæst.
- XLV. Að selja 3 lóðir undir geymsluskálum Vegagerðar ríkisins á Selfossi, ef viðunandi boð fæst, eða hafa á þeim makaskipti, ef betur þætti henta, enda verði andvirði lóðanna varið til þess að afla hentugra lands undir skálana á Selfossi eða í næsta nágrenni.
- XLVI. Að fresta til ársins 1966 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1965. Sama gildir um greiðslu framlaga til annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum 1965.

23. gr.

Heimilt er að greiða á árinu 1965 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. júní 1962 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga á árinu 1965.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu uppbóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1965 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um verðtryggingu launa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur fyrir unnin störf samkvæmt nánari fyrirætlum þessara laga. Sama gildir um bætur greiddar í peningum samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum bótaupphæða, svo og um bætur samkvæmt lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysisstryggingar. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga og á lífeyri úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki

greiða iðgjöld til. Skal hlutaðeigandi lífeyrissjóður greiða verðlagsuppbótina gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá. Verðlagsuppbót greiðist ekki á lífeyrisgreiðslur, er sjálfkrafa fylgja breytingum launa, sem verðtryggð eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Fyrirmæli þessara laga taka til kauptrygginga bátasjómannna og til vinnulauna, sem greidd eru samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, enda séu þeir ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélags, sem í hlut á, eða miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreina annars staðar.

Fyrirmæli þessara laga taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og ekki heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

2. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna kaupgreiðsluvísitölu eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar hækkunar eða lækkunar á síðar nefndu vísitölunni, er leitt hefur af breytingu á vinnulið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, annað hvort vegna breyttra kjaraákvæða í samningum stéttarfélaga eftir lok maímánaðar 1964 eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í fyrri málsg. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. nóvember, 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu þrjá mánuði, frá byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, í fyrsta sinn frá 1. desember 1964.

3. gr.

Verðlagsuppbót samkvæmt fyrirmælum síðari málsg. 2. gr. skal nema sem svarar 0.61% af grunnlaunum fyrir hvert stig, sem kaupgreiðsluvísitala hvers þriggja mánaða tímabils kann að vera hærri en framfærsluvísitala 163 stig.

Við greiðslu verðlagsuppbótar á vikulaun og mánaðarlaun skal hún reiknuð í heilum krónum, þannig að sleppt sé broti úr krónu, sem ekki nær hálfri krónu, en annars hækkað í heila krónu.

4. gr.

Vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara skulu hækka eða lækka samkvæmt breytingum vísitölu eftir sömu reglum og um ræðir í 2. og 3. gr., og afurðaverð til bændu breytast um leið til samræmis. Þó skal slík breyting á vinnuliðum verðlagsgrundvallar ekki eiga sér stað, nema samkvæmt ósk fulltrúa framleiðenda eða fulltrúa neytenda í sexmannanefnd.

5. gr.

Félagsdómur sker úr ágreiningsatriðum varðandi túlkun á fyrirmælum 1.—3. gr. þessara laga, og eru úrskurðir hans fullnaðarúrskurðir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 23. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við þessi lög.

Gjört í Reykjavík, 14. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.